



Stefnuskrá

Samtaka Fullveldissinna



Fullveldi.

Fullveldi og sjálfstæði Íslands og frelsi þegna landsins hefur verið baráttumál þjóðarinnar og mun vera um fyrirsjáanlega framtíð.

Sjálfstæðis- og sjálfsbjargarvilji Íslendinga hefur beðið hnekki og því þurfa stjórnvöld, skólakerfið, fjölmiðlar og allur almenningur að bregðast við. Íslendingar hafa aðeins haft stjórn eigin mála lítinn hluta sögu sinnar og hafa unnið sig frá því að vera eitt fátækasta land okkar heimssvæðis upp í eitt af því auðugusta. Að afsala fullu valdi þjóðarinnar, til að ákveða með hvaða hætti skuli beita sér í hagsmunamálum okkar, gæti rýrt þann ávinning og snúið þróuninni til baka.

Evrópsambandsaðild myndi færa forræði yfir málum og eignum þjóðarinnar í hendur fjarlægju valdi. Yfirstjórn helstu hagsmunamála þjóðarinnar, svo sem utanríkismála, sjávarútvegsmála og milliríkjavíðskipta myndi fara úr landi.

Stjórnskipulag evrópska embættismannakerfisins, sem ekki er kosið af almenningi, ræður allri lagasetningu og valdalaust Evrópuþing er handbendi miðstýringarinnar. Reynsla Íslendinga af evrópskum yfirráðum er slæm. Vafamál er hvort aðildarþjóðir Evrópusambandsins eiga þaðan afturkvæmt.

Efna þarf til þjóðaratkvæðagreiðslu um afnám fullveldisákvæða stjórnarskrárinnar ef kjósa á um Evrópusambandsaðild. Þau ákvæði ættu aðeins að fella úr gildi ef aukinn meirihluti kjósenda greiðir því atkvæði. Afsal fullveldis er ákvörðun sem ekki má taka af naumum meirihluta enda væri verið að kasta á glæ baráttu margra kynslóða.

Alþingi á að hafa óskorað löggjafarvald í landi og lögsögu.

Breyta þarf EES-samningnum til þess að vilji og vald Alþingis ráði lagasetningu og Stjórnarráð Íslands reglugerðum. Gömlu flokkarnir á Alþingi hafa ekki hafnað neinum evróputilskipunum af ótta við uppsögn viðkomandi hluta EES-samningsins. Valdi Alþingis hafa því verið takmörk sett, meðal annars með þeim afleiðingum að stjórnkerfið hafði ekki stjórn á fjármálakerfinu. Forsenda fyrir endurreisn er að fullt svigrúm verði til breytinga sem Alþingi þarf nauðsynlega að gera á lögum í ljósi reynslunnar af hrnuninu, m.a. um fjármálastarfsemi og almenningshlutafélög.

Endurskoða þarf stjórnskipan Íslands og endurbæta stjórnarskrána til þess að efla vald kjósenda, auðvelda þjóðaratkvæðagreiðslur, tryggja sjálfstæði löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdavaldi og girða fyrir fullveldisafsal. Undirbúa verður vandlega breytingar á stjórnarskránni. Einnig þarf að endurskoða kosningafyrirkomulag þannig að raunverulegur þverskurður þjóðarinnar eigi greiða aðkomu að lýðræðisferlinu.

Efnahagsmál.

Stofna þarf nýjan banka í eigu ríkisins, fyrst og fremst til fjárfestingar í atvinnustarfsemi. Gömlu bankarnir eru þrotabúi í skiptum og óvíst hvernig og hvenær endanlegu uppgjöri og málarekstri þeirra lýkur. Eignarhald gæti orðið hvernig sem er og ekki óeðlilegt að þeir verði einkavæddir á ný. Landið þarf til framtíðar einn fjárfestingarlánasjóð fyrir atvinnulífið og banka sem er í eigu og umsjón hins opinbera sem getur tryggt þá bankþjónustu sem þarf í landinu. Ríkissjóður og Seðlabanki geta veitt þessum banka eins mikið fjármagn og þarf til þess að atvinnulífið geti starfað. Bankinn þarf að afla erlendra lánalína frá fleiri stöðum en undanfarið hefur verið gert.

Endurreisa þarf íslenska gjaldmiðilinn með styrkri og faglegri hagstjórn. Jafnframt þarf að endurskoða verðtryggingar- og lánareglur.

Sérstakar hagsveiflur hér á landi krefjast sveigjanleika í peningamálum sem aðeins verður náð með sjálfstæðum gjaldmiðli. Það er öruggasta leiðin til árangurs í íslenskri hagstjórn. Uptaka erlendrar myntar kemur því ekki til greina. Verðtrygging þarf að fylgja raunverðmætum ef henni verður haldið áfram. Gengistryggð lán verði eingöngu heimiluð útflutningsfyrirtækjum.

Semja þarf við fleiri þjóðir um gjaldeyrisviðskipti og afnema gjaldeyrishöft fyrir út- og innflutningsverslun, en í ljósi reynslunar er nauðsynlegt að geta haft stjórn á öðrum fjármagnsflutningum til og frá landinu og þarf að endurskoða reglur þar að lútandi.

Fyrirtæki í reikningsfærðum útflutnings- og innflutningsviðskiptum geta ekki búið við gjaldeyrishöft.

Endurmeta þarf tekjustofna ríkissjóðs og laga útgjöld að þeim með forgangsröðun í þágu þjóðarheildarinnar. Hófleg skattheimta sem bitnar minnst á hinum tekjulægstu styrkir innlendan efnahag. Opinbert eignarhald er æskilegt í grunnþáttum á borð við orkuframleiðslu, almannaveitur, bankastarfsemi og annari nauðsynlegri grunnþjónustu. Einnig geti ríkissjóður átt eða tekið þátt í stofnun fyrirtækja með auðlindanýtingu og atvinnusköpun að markmiði. Ríkinu ber að gæta að jafnræði, gagnsæi og dreifðri eignaraðild komi til einkavæðingar.

Styrkja þarf rekstrarumhverfi fyrirtækja með stjórnkerfisaðgerðum t.d. með einföldun skatt- og kvaðakerfa. Haga skal opinberum innkaupum þannig að sem mest framleiðsla verði innanlands.

Mikilvægt er að ríkið stuðli ekki að áframhaldi fákeppni með því að halda lífi í stórfyrirtækjum sem hafa rutt fjölda smáfyrirtækja af vettvangi. Efla þarf virka og heilbrigða samkeppni í viðskiptum og atvinnulífi, með reglum í samræmi við íslenskar aðstæður.

Atvinnuuppbygging.

Efla atvinnufrelsi, styrkja nýjungar og framtak til atvinnusköpunar sem eykur sjálfbærni landsins með innlendri framleiðslu á nauðsynjum. Gjörbreyta þarf regluverki og sköttum fyrir ný og smá fyrirtæki. Bæta þarf aðgengi fyrirtækja að fjármagni á viðráðanlegum kjörum. Styðja þarf markaðssetningu íslenskra afurða á alþjóðavettvangi.

Flýta ætti opinberum framkvæmdum við samgöngumannvirki og önnur þjóðhagslega hagkvæm verkefni, sem ríkið getur fjármagnað án mikillar erlendrar lántöku.

Auka þarf fjölbreytni í orkufrekum iðnaði með nýjum verksmiðjum.

Landsmenn þurfa að ná tókum á orkunýtingu til eigin framleiðslu.

Fyrirtæki í eigu Íslendinga hafa ekki náð tókum á orkufrekum iðnaði og hafa þær verksmiðjur sem voru hér verið lagðar niður og mikið gjaldeyrstap hlotist af. Hefja þarf aftur innlenda fjárfestingu í orkufrekum iðnaði með frumkvæði ríkisins, t.d. áburðarverksmiðju, efnaverksmiðjum og málmframleiðslu annarri en áli.

Rýmka ætti veiðiheimildir strandveiðiflotans til aukinna veiða smábáta.

Aflaheimild sem ekki hefur verið nýtt undanfarin ár af leyfishöfum verður endurúthlutað að nýju til strandveiða til hagsbóta fyrir sjávarbyggðirnar. Veiðar á vannýttum tegundum verði ekki kvótasettar heldur úthlutað til þeirra sem hyggjast nýta þær.

Núverandi kvótakerfi þarf að færa í átt til aflaheimildakerfis þar sem hið opinbera fær arð af úthlutuðum aflaheimildum með svipuðum hætti og Norðmenn njóta arðs af olíuauðlindum sínum. Veiðistjórnunarkerfið þarf að þróast og taka mið af sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar.

Endurvekja ætti strandsiglingar og koma á hagkvæmum skipaflutningum umhverfis landið.

Mörg atvinnufyrirtæki á landsbyggðinni eiga erfitt með að flytja út vörur á hagkvæman hátt vegna flutningskostnaðar. Vegaslit vegna vöruflutninga er hægt að minnka umtalsvert.

Stuðla þarf að fjölbreytni og frelsi í landbúnaði og tryggja grundvöll landbúnaðar, efla heimaframleiðslu og alla ræktun, t.d. kornrækt og efla rannsóknir á nýtingu jurta.

Efla frjálsa afurðasölu, styðja bændamarkaði og útflutningsverkefni. Áfram skal vinna að gæðastýrðum landbúnaði í sátt við íslenskt umhverfi.

Undirbúa olíu- og gasvinnslu og verja hagsmuni þjóðarinnar.

Huga þarf að eignarhaldi og lögsögu til langrar framtíðar um vinnslu og úrvinnslu gass og olíu af hafsbotni og fá bestu sérfræðinga í lið með stjórnvöldum.

Taka upp samstarf við Grænlandinga um hugsanlega þjónustu við olíuvinnslu undan austurströnd Grænlands.

Orka, umhverfi, sjálfbærni.

Setja skal í stjórnarskrá ákvæði um óskoraða eign þjóðarinnar á auðlindum lands og lögsögu og tryggja þar með einkaafnotarétt Íslendinga á þeim.

Hraða þarf undirbúningi og framkvæmdum virkjana og orkufreks iðnaðar og styðja þróun orkufyrirtækjanna. Huga þarf að smærri virkjunum sem og stærri.

Virkjanaframkvæmdum má flýta með ákvörðun ríkisstjórnar og Alþingis. Auka þarf þáttöku innlendra aðilla í orkufrekum iðnaði og liðka fyrir fjárfestingum á því sviði.

Fjölga má rafknúnum farartækjum og bæta aðgengi fyrirtækja í landinu að innlendum orkugjöfum. Auka þarf rannsóknir á jarðvarmasvæðum. Rannsaka þarf framleiðslu lífelfsneytis með hjálp jarðvarma til að draga úr notkun innflutts eldsneytis.

Innlenda fæðuframleiðslu þarf að verja, og tryggja hollustu með sjálfbærri framleiðslu til frambúðar. Auka má nýræktun og rækta upp láglandissanda með nytjajurtum.

Bæta þarf samkeppnisumhverfi gróðurhúsaræktunar með lækkun raforku-, varmaorku- og koltvísýringverðs frá varmavirkjunum. Jarðvarmavirkjanir geta veitt gróðurhúsum í nágrenninu hagstætt orkuverð og koltvísýring. Með aukinni innlendri framleiðslu eykst framboð á fersku grænmeti sem lækkar verð til neytenda og sparar erlendan gjaldeyri.

Umhverfi og fegurð landsins ber að vernda og berjast þarf gegn mengun hafsins.

Utanríkismál.

Sjálfstæð utanríkisstefna sem byggir á sem mestu hlutleysi og sjálfsákvörðunarrétti í milliríkjasamningum. Ísland á að vera vera virkur þátttakandi í frjálsum og opnum alþjóðasamskiptum.

Auka þarf viðskipti og friðsamlega samvinnu við sem flestar þjóðir heims og vinna gegn viðskiptahindrunum. Leita ætti eftir fríverslunarsamningum við Bandaríkin, Kína og fleiri lönd. Styrkja þarf starf frjálsra alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að.

Íslensk stjórnvöld þurfa að endurskoða öll samskipti Íslands við Evrópusambandið að fenginni reynslu af EES-samningnum. Gildandi fríverslunarsamningur Íslands við Evrópusambandið gæti verið nægjanlegur fyrir íslenska hagsmuni. Aðild að Schengen samstarfinu hefur torvelað baráttu við alþjóðlega glæpastarfsemi og því ætti að segja aðildinni upp, en um leið viðhalda samstarfi við Evrópuþjóðir í löggæslumálum.

Mun styrkari hagsmunagæslu þarf á alþjóðavettvangi og eflingu samstarfs við vinþjóðir og Norðurlönd, alþjóðastofnanir og fríverslunarsamtök en draga úr þáttöku í viðskiptahindrunum ríkjasambanda og hernaðarbandalaga. Standa þarf fast á rétti Íslands í milliríkjadeilum og ekki samþykkja að erlendar valdastofnanir gangi á rétt Íslendinga. Samhliða því þarf að leita leiða til að útkljá óleyst deilumál við vissar þjóðir í V-Evrópu.

Efla þarf starf Sameinuðu þjóðanna til góðra verka en sporna við tilhneigingu stórveldanna til alheimsstjórnunar á þeim vettvangi. Efla þarf EFTA og samningastarf þess um fríverslun við lönd heimsins. Halda áfram aðild að alþjóðaviðskiptastofnuninni til þess að hún þjóni heimsbyggðinni og falli ekki í far yfirgangsstefnu iðnaðarvelda eins og gerðist með Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann.

Styðja ber lífsbaráttu og sjálfstæði fátækra og lítilla þjóða og grannþjóða, ásamt því að berjast fyrir réttlæti, sanngirni og mannúð í alþjóðasamskiptum.

Sérstaklega þarf að auka viðskipti við nágrannaþjóðirnar. Það er hagur Íslands að styrkja og styðja sjálfstæði og hag Færeyja og Grænlands.

Samfélagsstyrkur.

Atvinnuframboð og atvinnufrelsi þarf að auka og tryggja lífsgæði landsmanna, fæði og klæði, heilsu og velferð.

Efla þarf fjölbreytni og aðgengi að starfi og menntun sem og ýmsa aðra þáttöku landsmanna í þjóðfélaginu.

Bæta stöðu heimila með nýjum lögum um friðhelgi heimilisins.

Standa þarf vörð um hagsmuni barnafjölskyldna og einstæðra foreldra.

Koma á sjóði fyrir fjölskyldur sem eru ofhlaðnar skuldum. Sjóðurinn tekur eignir heimilanna til vörslu tímabundið. Þannig má koma í veg fyrir að fjölskyldur séu bornar út af heimilum sínum. Fyrirmyndina að slíkum sjóði má sækja til kreppunnar miklu 1930 en þá leysti sambærilegur sjóður til sín eignir fjölmargra bænda, sem í framhaldinu fengu leigu- og forkaupsrétt. Sömu aðferð má nota í dag gagnvart of skuldsettum húseigendum.

Samhjálp, heilbrigði og öryggi almennings eru forsendur fyrir því að þjóðfélagsþegnar séu virkir og starfhæfir og samfélagið sterkt og bjargráða.

Tryggja þarf jafnan rétt allra til heilbrigðisþjónustu, atvinnu og félagslegrar aðstoðar. Tannheilsu þjóðarinnar er hættu búin vegna þess mikla misræmis sem er í þátttöku ríkis í heilbrigðiskostnaði. Tannlæknakostnaður 18 ára og yngri verði allur greiddur af ríkinu.

Tryggja þarf að útlendingar sem búa hér og starfa geti aflað sér íslenskukunnáttu og þekki réttindi sín og skyldur við samfélagið og geti tekið virkan þátt í að auðga og efla það. Sporna þarf við myndun einangraðra bæjarhluta fyrir útlendinga en laða þá að búsetu, starfi og leik meðal landsmanna.

Menntun þarf að verða fjölbreyttari og tengd lífi og starfi landsmanna. Styrkja þarf bæði skólastarfið sjálft, gera það frjálst og á ábyrgð skólastjórnenda og kennara en ekki miðstýringarvalds. Stefna ætti að ókeypis máltíðum fyrir grunnskólabörn. Þjálfun og starfsmenntun þarf einnig að efla.

Meningarmál.

Þjóðmenningu landsins þarf að efla og hefja gróna menningu og hófsöm gildi aftur til virðingar. Einnig þarf að þróa og halda við íslenskum menningararfi á sviðum bókmennta og lista. Skattfé sem fer í Ríkisútvarpið á að nota til þess að kaupa innlenda list og verk þeirra sem iðka íslenska menningu og nota íslenska tungu. Yfirgnæfandi áhrif eins menningarsvæðis á um leið að takmarka og auka framboð frá fleiri svæðum. Íslenskir fræðimenn, listamenn og iðkendur máls og menningar eiga að eflast með viðskiptum og starfi í stofnunum sem eru í eigu almennings.

Mjög margir koma hingað til lands vegna þess þjóðarauðs sem fornhandritin eru. Hér voru skrifuð og eru varðveitt handrit sem geyma heimsmynd fornfeðra Norður-Evrópu, fornsögur Norðurlandanna og sögur konunga Evrópu. Þessi handrit voru meginheimildir núverandi þjóðfélaga Evrópu um fornsögu sína. Fjárfesta ætti í varðveislu og fræðslu um þennan merka arf.

Styrkja verður menningartengsl við önnur lönd og auka fjölbreytni í menningarstarfsemi.

Hamla þarf á móti yfirgnæfandi áhrifum engilsaxneskrar afþreyingarmenningar með aukinni fjölbreytni og beitingu ríkisstofnana til að veita landsmönnum innsýn í aðra menningarstrauma.

Öryggis- og varnarmál.

Íslendingar þurfa sjálfir að bera ábyrgð á vörnum landsins.

Varnarsamstarfinu við Nato þarf að halda áfram en varast ber að draga Ísland inn í hernaðaraðgerðir aðildarþjóða. Efla þarf varnarsamstarf við Norðurlandþjóðir.

Landhelgisgæsluna þarf að efla svo hún geti sinnt öryggishlutverki sínu ásamt öðrum stofnunum og lagt þjóðinni til nægjanlegt varnarkerfi ein og sér eða í samvinnu við vinarþjóðir.

Leita samninga fyrst og fremst við nágrannaríki um friðarstarf og til eflingar öryggis og umhverfisverndar. Efla má samvinnu í öryggismálum, bæði vegna varna gegn skipulögðum glæpum, stórslysaþættu og mengun hafanna.

Segja þarf upp Schengensamningnum og efla varnir gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

Efla þarf innlendar stofnanir sem berjast við glæpi, s.s. lögregluna, tollgæslu og sérsveitir.

Mikilvægt er að horfa til fleiri öryggisþátta en þeirra hefðbundnu, einnig þarf að tryggja efnahagslegt öryggi og innflutning á nauðpurftum.

Sjálfbóðaliðasveitir Íslands eru einstakar á alþjóðavettvangi og það kerfi sem byggt hefur verið upp um björgunarverkefni er einstaklega verðmætt fyrir þjóðina. Hlúa þarf að þessu starfi og jafnframt efla m.a. með meiri tækjakosti Landhelgisgæslunnar, lögreglu og almannavarna. Starf björgunarsveitanna sparar mikið fé fyrir þjóðarbúið. Með liðstyrk og tækjakosti ríkisstofnana fullnægir fyrirkomulagið Íslandi og svæðum í kring um langa framtíð ef það er nýtt með markvissri samhæfingu og uppbyggingu þessara aðila.